

# Fundargerð

35. fundur íþróttá- og tómstundarnefndar Langanesbyggðar haldinn þann 13. maí 2009 í fundarherbergi Langanesbyggðar kl. 16:00.

Mætt eru: Árni Davíð Haraldsson, Sóley Vífilsdóttir, Linda E. Pehrsson, Halldóra Gunnarsdóttir.

Dagskrá.

## 1. Mál. Sumarstarf.

Enn er auglýst eftir leiðbeinanda vinnuskólans. Skólagarðar og kofabyggð eru í góðum farvegi og verða sennilega fundinn staður vestan- og sunnan Nausts. Auglýst verður eftir umsjónarmanni skólagarða og kofabyggðar.

## 2. Mál. Forvarnir, sumarvinna unglunga í Langanesbyggð.

Nefndin vill hvetja ungt fólk til að sækja í laus störf í byggðalaginu.

## 3. Mál. Svartholið.

Rætt um starfsemi Svarthols á ýmsum nótum og hugmyndir að næsta starfsári.

## 4. Mál. Sumarið, vorgrill, og leikir.

Ýmsar hugmyndir ræddar, jafnvel í sambandi við hreinsunardag. UMFL er áhugasamt um kaffisölu á 17. Júní. Götugrill og hverfaleikar ræddir.

## 5. Mál. Önnur mál.

Hjólað í vinnuna. Þrjú lið eru í Langanesbyggð og í morgunn var Langanesbyggð í 21. sæti á landinu. Sótt var um unglíngalandsmót 2011. Kátir dagar ganga vel.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.